

Áttundi fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 21. ágúst 2025, klukkan 20:00.

Mætt eru: Guðbjörg Gunnarsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Veronika G. Sigurvinsdóttir, Þróstur Aðalbjarnarson og Sigurbjörg Ottesen, sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Oddviti leitaði afbrigða á dagskrá fundarins og óskaði eftir því við fundarmenn að bæta tveimur liðum við dagskrá fundarins og verða það mál nr. 2 og 3 á dagskrá fundarins.

Samþykkt af öllum sveitarstjórnarmönnum.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Erindi vegna beiðni um viljayfirlýsingu fyrir lóð úr landi Vegamótasvæðis

Erindi dagsett 10.8.2025, varðandi beiðni um viljayfirlýsingu fyrir lóð úr landi Vegamótasvæðis, frá Samúeli Torfa Péturssyni lagt fram.

Samúel Torfi kom inn á fundinn til að kynna erindi sitt og hugmyndir því tengdar. Leitast er eftir viljayfirlýsingu frá sveitarfélaginu um aðgengi allt að 3 ha. svæðis til ferða- og þjónustutengdrar starfsemi á landi sveitarfélagsins, vestan Vegamóta (Dalsland hreppsland L 193270).

Að kynningu sinni lokinni vék Samúel Torfi af fundinum.

Sveitarstjórn fagnar áhuga aðila á uppbyggingu á þjónstu innan sveitarfélagsins. Oddvita falið að eiga frekara samtal við viðkomandi aðila áður en ákvarðanir verða teknar.

2. Fundargerð fjallskilanefndar

Fundargerð fjallskilanefndar, dags. 19.8.2025, lögð fram.

3. Fjallskilaseðill 2025

Fjallskilaseðill 2025, dags. 19.8.2025, lagður fram.

4. Fundargerð 196. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Fundargerð lögð fram.

5. Fundargerð 982. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð lögð fram.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplestin, samþykkt og send í rafræna undirritun.

Fundi slitið kl. 21:45.

Undirritunarsíða

Herdís Þórðardóttir

Veronika G Sigurvinsdóttir

Guðbjörg Gunnarsdóttir

Pröstur Aðalbjarnarson

Sigurbjörg Ellen Ottesen